



1515. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
5.10.2011, kl. 12:00

Frímenn Ari Ferdinandsson

1. Fundargerð 1514. fundar

Samþykkt með nokkrum athugasemdum varðandi Afreksíþróttamiðstöð.

2. Skipurit – vinna sviða í vetur

Hnykkt á því að vinna á sviðum fari í gang. Formenn sviða og starfsmenn munu hittast á næstunni og leggja línur fyrir fundi og verkefni næstu mánaða.

3. Lög ÍBR

Borist hefur erindi frá ÍSÍ þar sem fram kemur að lög ÍBR með þeim breytingum sem gerðar voru á þingi í vor eru samþykktar með athugasemdum. Athugasemdir þessar hafa ekki áhrif á starfsemina, meira orðalagsbreytingar. Þess vegna verða þær látnar bíða næsta þings sem fyrirhugað er vorið 2013. Lög ÍBR sem samþykkt voru á þingi ÍBR í apríl 2011 eru því í gildi þangað til.

4. Aðild Lyftingafélags Reykjavíkur

Aðildarumsókn Lyftingafélags Reykjavíkur að ÍBR samþykkt.

5. Fundaáætlun

Lögð fram áætlun fyrir fundi fram að jólum. Gert er ráð fyrir fundum hálfsmánaðarlega á miðvikudögum. Náist ekki að klára mál eða mikið er fyrirbyggjandi af málum verða fundir boðaðir vikulega.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 13:00.

Frímenn Ari Ferdinandsson
fundarritari